

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 6. september 2019
UST201908-197/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Rangárþingi ytra - Torfur úr landi Hóla

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Torfur úr landi Hóla í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 1,5 ha spildu út landi Hóla en þar er gert ráð fyrir íbúðarhúss og skemmu auk aðkomuvegar.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að algengustu vistgerðirnar á svæðinu séu moslendi, votlendi og graslendi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin runnamýrarvist er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í runnamýrarvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í byggingarskilmálum að allt rask á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæði fuglanna sé haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur